
Virkjun í Brimnesá, Dalvíkurbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 17. febrúar 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Dalvíkurbyggð um fyrirhugaða virkjun í Brimnesá, Dalvíkurbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.22 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, RARIK, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Virkjun í Brimnesá. Fyrirspurn um matsskyldu. Dalvíkurbyggð og Mannvit, febrúar 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Dalvíkurbyggð með tölvupósti dags. 6. mars 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 13. mars 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 13. mars 2020.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 3. mars 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 5. mars 2020.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 3. mars 2020.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 6. mars 2020.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 9. mars 2020.

Ekki barst umsögn frá RARIK.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 8. apríl 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Framkvæmdaraðili áformar að reisa allt að 1 MW vatnsaflsvirkjun í Brimnesá í Dalvíkurbyggð. Virkjunarsvæðið er að mestu leyti innan landbúnaðarsvæðis. Virkjað rennsli verður allt að 850 l/s og gert er ráð fyrir að ekkert rennsli verði framhjá inntaki frá nóvember og miðað við áætlað meðalrennsli eru líkur á að allt rennsli verði einnig virkjað í október.

Notast verður við Coanda inntak. Stóralæk, sem rennur nú í Brimnesá, verður veitt frá núverandi legu að inntakslóni. Inntakslónið verður um 1.000 m² en ekki er gert ráð fyrir að miðla vatni. Hæð inntaks verður mest um 3 m á hæð og lengd þess um 30 m með gördum.

Þrýstipípa verður lögð frá inntaki að stöðvarhúsi, um 1.160 metra löng. Þvermál pípunnar verður um 600 mm og fallhæðin verður um 109 metrar.



Stöðvarhús verður staðsett í gamalli grjótnámu og er áætluð stærð þess um 100 m² og svo verður grafinn um 40 m langur, 4 metra breiður og 2,5 metra djúpur frárennisskurður frá stöðvarhúsi og út í Brimnesá.

Áætlað er að tengja virkjunina inn á dreifikerfi RARIK með jarðstreng, annað hvort um 500 metra langan inn á innanbæjarkerfi eða um 2,4 km leið í aðveitustöð.

Verði virkjun aflögð verða öll mannvirki fjarlægð fyrir utan þrýstipípu.

Styrkja þarf um 1,4 km af núverandi vegi sem liggur frá Dalvík og upp í Upsadal ásamt því að leggja þarf um 0,8 km af nýjum vegi. Áætluð breidd vegarins er um 4-5 m og áætlað er að í veglagninguna þurfi um 5.000 m³ af efni og heildarefnistaka vegna framkvæmdarinnar verði um 15.000 m³. Framkvæmdaraðili áætlað að heildarrask vegna fyrirhugaðra framkvæmda verði um 7 ha.

Í umsögn Orkuskiptunar kemur fram að í umfjöllun um rennismælingar sé vísað í tvær skýrslur varðandi virkjanakosti, þar á meðal í Brimnesá, og í annarri skýrslunni sé sérstaklega vikið að annmörkum og óvissu í líkanareikningum við rýni kosta. Telur stofnunin að æskilegt sé að líkanareikningar séu sannreyndir með beinum mælingum áður en farið sé í umtalsverða fjárfestingu, einnig bendir stofnunin á að ekki sé tilgreint í greinargerð hvernig stakar rennismælingar falli að reiknuðum gildum í greinargerð. Einnig bendur stofnunin á að það sé óljóst hvert umfang veitumannvirkja í Stóralæk verði, ekki komi fram hvernig vatni verði veitt úr læknum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að áætlað sé að gera rennismælingar í Brimnesá og uppfæra vatnalíkan út frá rennismælingum. Einnig kemur fram að þar sem ekki sé búið að gera jarðvegsrannsóknir við Stóralæk þá er ekki vitað hversu langt er niður á klöpp þar en gert sé ráð fyrir að vatni verði veitt úr læknum með fyrirstöðu og rás úr núverandi farvegi niður í inntakslón.

Í umsögn Veðurstofunnar kemur fram að Tungudalur sé mjög virkur snjóflóðafarvegur en Stóralækur rennur um þann dal. Snjóflóðahætta sé lítil þar sem inntaksmannvirki verði staðsett og sömuleiðis þar sem stöðvarhús sé áætlað en stofnunin bendir á að að vetrarlagi sé hætta á snjóflóði yfir aðkomuveg að inntaksmannvirki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ábendingar Veðurstofunnar verði skoðaðar við fullnaðarhönnun virkjunarinnar til að lágmarka tjón á mannvirkjum. Jafnframt kemur fram að ekki sé möguleiki á að færa aðkomuveg sunnan megin ár vegna þess að þá sé hann innan Fólkvangs Böggvisstaðafjalls.

4 UMHVERFISÁHRIF

Ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að helstu breytingar á ásýnd verði vegna stöðvarhúss sem muni liggja í lægð í gamalli grjótnámu og vegna inntaksmannvirkis ásamt því að Stóralæk verði veitt að inntakslóni. Einnig muni sjást verksummerki eftir lagningu þrýstipípu og vegslóða sem þurfi að leggja að inntaksmannvirki. Inntaksmannvirki og vegslóði muni líklega vera nokkuð áberandi úr norðurhlíðum Böggvisstaðafjalls. Við hönnun mannvirkja verður þess gætt að þær falli sem best að landslagi. Einnig muni verða ásýndaráhrif vegna skerts rennslis í ánni en fram kemur að hún liggi að mestu í gili og sjáist því ekki langt að ásamt því að reikna megi með að stóran hluta þess tíma sem ekkert rennsli sé framhjá inntaki þá sé áin hulin snjó.

Umhverfisstofnun telur að megin áhrif virkjunar á ásýnd séu á landslag og upplifun fólks af náttúru svæðisins og áhrif á árfarveginn og áhrif á fossa sem geti talist talsvert neikvæð. Bendir stofnunin á að fossarnir falli undir 61. gr. náttúrverndarlaga og að forðast beri röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem falli undir greinina nema að brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.



Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila segir að ekki sé hægt að gefa nákvæma mynd af rennsli alla mánuði ársins vegna þess að eingöngu hafi verið gerðar stakar rennismælingar í Brimnesá.

Gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að land á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé tiltölulega vel gróið og að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar séu algengustu vistgerðirnar moslendi og mólendi. Á svæðinu séu alls 6 vistgerðir sem hafi mjög hátt eða hátt verndargildi en að ekki verði rask á votlendissvæðum sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Rask á vistgerðum er að hámarki áætlað um 4,1 ha og fram kemur að röskuð svæði verði grædd upp með staðargróðri. Við inntakslón mun bakkagróður fara undir vatn en hann fellur undir 62. gr. náttúruverndarlaga, áætlað er að um 500 m² af bakkagróðri raskist vegna lónsins.

Umhverfisstofnun telur að nauðsynlegt sé að fara í mótvægisáðgerðir vegna þess rasks sem verði á vistgerðum með mjög hátt eða hátt verndargildi sem sé um 40% af áætluðu raski vegna framkvæmdarinnar. Bendir stofnunin á að hægt sé að binda framkvæmd skilyrðum um slíkt við leyfisveitingu. Einnig bendir stofnunin á að samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta nágrenni vatns.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili sé reiðubúinn að fara í uppgræðslu mela og að nota svarflag skurða við frágang sem mótvægisáðgerð við því raski sem verði vegna framkvæmdarinnar.

Fuglar

Fram kemur að farin hafi verið vettvangsferð um framkvæmdarsvæðið í byrjun júlí og að sést hafi til spóa, jaðrakan, lóu, smyrils, hrafns, skógarþrastar, óðinshana, hrossagauks, stelks og silfurmarks en að telja megi að fleiri tegundir haldi til á svæðinu. Ekki hafi verið gerð ítarleg greining á varpstöðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en að fuglafræðingur verði fenginn til að ganga svæðið við undirbúning deiliskipulags ef ástæða þyki til.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvenær hafi verið farið í vettvangsferð né hver hafi farið í ferðina auk þess sem ekkert sé vísað í niðurstöðu vettvangsferðar. Þar með sé með öllu óljóst hvernig staðið hafi verið að vettvangsferð og hvort raunveruleg greining á fuglalífi svæðisins hafi farið fram. Telur stofnunin umfjöllun um fuglalíf ófullnægjandi og að fá þurfi sérfræðing frá fagstofnun, t.d. frá viðeigandi náttúrustofu, til að framkvæma athugun á svæðinu eða greina aðstæður út frá fyrirliggjandi gögnum. Telur stofnunin rétt að binda framkvæmdina þeirri kröfu að dýralíf á svæðinu verði kannað og að grípa þurfi til mótvægisáðgerða til að lágmarka truflun á því, þ.m.t. búsvæðum fugla. Einnig leggur stofnunin til að framkvæmdir fari fram utan varptíma fugla til að lágmarka truflun á dýralífi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að séð verði til þess að fuglafræðingur skoði framkvæmdasvæðið áður en til framkvæmda kemur og að aðgerðir vegna framkvæmdanna verði skipulagðar í samráði við fuglafræðing. Jafnframt segir að þar sem framkvæmdasvæði sé um 200 m.y.s. þá sé mikilvægt að nýta sumartímann til framkvæmda en tekið verði tillit til fugla eins og kostur er, einkum á varptíma

Vatnalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að mikið tjón hafi orðið á vatnalífi Brimnesár í leysingum árið 1995 og þá hafi botn árinna raskast mikið sem olli því að allur fiskur hvarf. Samkvæmt munnlegum heimildum hafi farið að bera á fiski aftur í ánni árið 2018. Áin er fiskgeng tæpa 2 km og með framkvæmdunum muni fiskgegnt svæði raskast um 500 m.

Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun benda á að Brimnesá sé afmarkað vatnshlot undir lögum um stjórn vatnamála og að fyrirhuguð framkvæmd í ánni falli undir vatnsformfræðilega



breytingu og geti haft töluverð áhrif á líffræðilega og eðlisefnifræðilega gæðaþætti árinna. Bendir Umhverfisstofnun á að í greinargerð sé bara fjallað um fiska en að þeir séu ekki eina vatnalíf sem skiptir máli. Ekkert sé fjallað um aðra líffræðilega þætti og því geti stofnunin ekki metið hver áhrif framkvæmdarinnar verði á annað líf en fiska. Líklegt sé vegna rennisskerðingar að það verði áhrif á botnhryggleysingja og vatnagróður vegna framkvæmdarinnar. Einnig bendir Hafrannsóknastofnun á að mikilvægt sé að huga að mótvægisáðgerðum sem stuðla að lágmarkun áhrifa. Dæmi um mótvægisáðgerðir sé að lágmarksrennsli sé tryggt í farvegum virkjaðra straumvatna.

Jafnframt bendir Hafrannsóknastofnun á að í greinargerð skorti upplýsingar byggðar á rannsóknnum til að hægt sé að meta hvaða áhrif umrædd framkvæmd kann að hafa á lífríki í vatni og telur stofnunin að nauðsynlegt sé að gerð verði rannsókn á lífríki í vatni áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir og eftir því sem við á eftir framkvæmdir.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hafi verið talin ástæða til að kanna vatnalíf vegna þess að framkvæmdin sé ekki talin hafa umtalsverð áhrif á búsvæði fiska og vegna þess að veiðihagsmunir séu litlir fyrir ána. Jafnframt telur framkvæmdaðili að ekki sé sérstök þörf á að halda ákveðnu lágmarksrennsli yfir þann tíma sem virkjað rennsli sé meira en meðalrennsli vegna þess hve óveruleg áhrif á fiska verði.

Jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur að engar sérstæðar jarðmyndanir séu þekktar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Nálægt framkvæmdasvæðinu sé mikið berghlaup sem sé hverfisverndað en það muni ekki raskast við framkvæmdirnar. Á milli inntaksvirkis og stöðvarhúss séu þrjár fossar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og muni rennsli í þeim skerðast töluvert, sérstaklega yfir þá sjö mánuði sem rennsli árinna er undir virkjuðu rennsli. Þar sem lítið sjáist til fossanna yfir vetrartímam þá verði séu áhrif á fossana metin nokkuð neikvæð en afturkræf ef rekstri virkjunarinnar verði hætt.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram í greinargerð hversu langur áhrifahluti árfarvegs Brimnesár verður en ljóst sé að hann verði lengri en umrædd þrýstipípa sem verði 1,2 km á lengd. Einnig telur stofnunin að ekki hafi verið færð rök fyrir brýnni nauðsyn á röskun fossanna þriggja í ánni né fyrir því hvert rennsli verður í fossunum þá mánuði sem rennsli er undir áætluðu virkjuðu rennsli. Í greinargerð hefði þurft að koma skýrt fram hversu miklu rennsli sé gert ráð fyrir í árfarveginum og fossunum alla mánuði ársins.

Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 6. gr. auglýsingar um fólkvang Bökkvisstaðafjalls þá sé óheimilt að hrófla við, eða skemma á annan hátt, jarðmyndunum í fólkvanginum og að framkvæmdasvæði skarist inn á Fólkvanginn sem var friðlýstur árið 2011. Einnig bendir stofnunin á að ef framkvæmdin nái inn á fólkvanginn þá sé nauðsynlegt að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að framkvæmdir er valda beinu raski, til að mynda við lagningu þrýstipípu og gerð stöðvarhúss, verði á nyrðri bakka Brimnesár. Jarðmyndanir í fólkvanginum, sem er að sunnanverðu, koma því ekki til með að raskast.

Fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að talsvert sé af tóftum og girðingum í mynni Upsadals og getgátur séu um að bærinn Upsir hafi staðið þar. Talið er líklegt að garður á svæði sem talið er hafa verið kornakur raskist við framkvæmdirnar. Gert sé ráð fyrir að fornleifafræðingur verði fenginn til að ganga svæðið áður en framkvæmdir hefjist og samráð verði haft við Minjastofnun Íslands vegna mögulegs rasks á fornleifum. Áhrif á fornleifar séu talin nokkuð neikvæð.



Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin leggi til að fornleifafræðingur skrái fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skv. skráningarstöðlum stofnunarinnar. Einnig er bent á að skrá þurfi fornleifar þar sem fyrirhugað er að leggja jarðstreng. Færa þurfi staðsetningu og útlínur fornleifa inná loftmynd/kort ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja. Bendir stofnunin á að til að geta lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar þá þurfi að liggja fyrir upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Því telji stofnunin að framkvæmdin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaaðila kemur fram að eftir umsögn Minjastofnunar hafi hann haft samband við Fornleifastofnun Íslands og fengið tilboð í fornleifaskráningu sem fari fram um leið og snjóa leysir. Var það sent á Minjastofnun Íslands til upplýsingar ásamt þeim upplýsingum að fornleifaskráningin verði kynnt fyrir Minjastofnun um leið og hún liggja fyrir og samráð haft um nánari útfærslu framkvæmda og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Tilboðið hefur verið samþykkt af sveitarstjóra Dalvíkurbyggðar.

Í framhaldi af samskiptum framkvæmdaraðila og Minjastofnunar sendi Minjastofnun frekari umsögn þar sem fram kom að stofnunin teldi það nú tryggt að fornleifar yrðu skráðar á framkvæmdasvæði og að hún treysti því að samráð verði haft við stofnunina um útfærslu framkvæmda og falli hún því frá þeirri kröfu um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og einnig þarf að vinna deiliskipulag. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Dalvíkurbyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum og samkvæmt 68. gr. vatnalaga, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, leyfi Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um minjavernd, leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði og leyfi ráðherra samkvæmt 6. gr. jarðalaga. Sækja þarf um leyfi til umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan fólkvangs.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða 810 kW rennslisvirkjun í Brimnesá í Dalvíkurbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3.22 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð framkvæmd samanstendur af mörgum framkvæmdaþáttum s.s. gerð inntaksmannvirkis, lagningu þrýstipípu, vegaframkvæmdum, byggingu stöðvarhúss og myndun lóns. Þeir framkvæmdaþættir eru að mati Skipulagsstofnunar ekki umfangsmiklir og framkvæmdin mun ekki raska stóru svæði, eða alls um 7 ha. Lónið sem myndast vegna inntaksmannvirkis verður um 0,1 ha og með lóninu mun raskast um 0,05 ha af bakkagróðri. Rennsli í ánni mun skerðast á rúmlega 1,2 km löngum kafla eða um 16% af lengd Brimnesár. Efnistaka vegna framkvæmdarinnar er ekki umtalsverð.



Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er ekki umfangsmikið og að mestu leyti innan lands sem skilgreint er sem landbúnaðarland. Brimnesá liggur á mörkum fólkvangsins Böggvisstaðafjalls og munu inntaksmannvirki og inntakslón vera að hluta innan fólkvangsins. Ekki er um rask að ræða á votlendi sem af þeirri stærð sem fellur undir verndarviðmið laga um náttúruvernd en ljóst er að rask verður bakkagróðri og fossar í farvegi Brimnesár munu vera vatnslitlir yfir allnokkuð tímabil en bakkagróður og fossar njóta sérstakrar verndar á grundvelli náttúruverndarlaga.

Ekki hafa farið fram rannsóknir á vatnalífriki og því er ekki að fullu ljóst hver áhrif framkvæmdarinnar munu verða á þann umhverfisþátt. Þar sem virkjað rennsli verður meira en meðalrennsli árinna allt að sjö mánuði á ári er líklegt að áhrif virkjunarinnar á vatnalífriki muni verða neikvæð. Hins vegar kemur fram að fiskur gangi í mjög litlum mæli upp í ána og því ekki líklegt að veruleg áhrif verði á fiska með tilkomu virkjunarinnar. Með vísan til umsagnar Hafrannsóknastofnunar bendir Skipulagsstofnun á að draga má úr áhrifum á vatnalíf með því að tryggja lágmarksrennsli í Brimnesá.

Ekki hafa farið fram rannsóknir á fuglalífi en framkvæmdaraðili hyggst fá fuglafræðing til að kanna fuglalíf á svæðinu áður en til framkvæmda kemur. Skipulagsstofnun telur rétt að sú athugun liggji fyrir við gerð deiliskipulags og að niðurstöður þeirrar athugunar verði lagðar til grundvallar mögulegum mótvægisáðgerðum sem verði gerð skil í skilmálum deiliskipulags ef við á. Til dæmis væri hægt að tímasetja tiltekna verkþætti framkvæmdar með tilliti til varptíma.

Ekki hefur farið fram fornleifaskráning á framkvæmdasvæðinu. Þó er ljóst að á lagnaleið þrýstipípu er að finna fornleifar sem munu verða fyrir raski. Framkvæmdaraðili fyrirhugar að fá fornleifafræðing til að skrá minjar á svæðinu og verður það gert um leið og snjóá leysir auk þess sem skráningin verður borin undir Minjastofnun og samráð mun vera haft við stofnunina um mótvægisáðgerðir þegar skráningu er lokið.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felast einna helst í áhrifum á ásýnd svæðis, vatnafar, gróður og fornminjar. Áhrif mannvirkja verða varanleg en bundin við afmarkað svæði. Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er á mörkum eins helsta útivistarsvæðis Dalvíkurbyggðar er líklegt að sjónræn áhrif verði neikvæð, sérstaklega yfir þá mánuði sem rennsli árinna er lítið þó að snjóalög eigi eftir að minnka þau ásýndaráhrif hluta af tímanum. Einnig er ljóst að skerðing verður á bakkagróðri á stuttum kafla við inntaksmannvirki. Ákveðin óvissa er um áhrif á vatnalíf og fugla vegna skorts á rannsóknum. Þrátt fyrir þá óvissu telur Skipulagsstofnun, með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, ólíklegt að áhrif framkvæmda á fugla og vatnalíf verði umtalsverð.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. júlí 2020.

Reykjavík, 28. maí 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson